



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA™**

Framkvæmdaráðsfundur DKG á Íslandi var haldinn 2. september 2017 í húsnæði KÍ, Laufásvegi 81, Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 09.45 með morgunhressingu ávöxtum, grænmeti og köku.

#### **Mættar voru:**

**Í stjórn landssambands**, Jóna Benediktsdóttir, forseti, Helga M. Steinsen, 1. varaforseti, Helga G. Halldórsdóttir, 2. varaforseti, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, ritari, Jónína Hauksdóttir, meðstjórnandi og Eygló Björnsdóttir, fyrrverandi forseti ásamt Jensínu Valdimarsdóttur, gjaldkera og Auði Torfadóttur, lögsögumanni.

**Formenn deilda:** Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild og Helga M. Steinsson, Zetadeild sem einnig eru í stjórn landssambandsins.

Aníta Jónsdóttir, Betadeild, Guðlaug Margrét Sverrisdóttir, Deltadeild, Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir, Epsilondeild, Gerður Magnúsdóttir, Lambdadeild, Helga Björk Jóhannsdóttir, Iotadeild, Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, Sigurlína Jónasdóttir kom sem fulltrúi Þetadeildar, þar sem Gerður Pétursdóttir gat ekki komið. Stefanía Valdís Stefánsdóttir var fulltrúi Etadeildar, þar sem Bryndís Guðmundsdóttir gat ekki mætt. Ingibjörg Guðmundsdóttir, varaformaður Kappadeildar kom í stað Guðrúnar Eddu Bentsdóttur, sem gat ekki mætt.

Ekki var mætt fyrir hönd Nýdeildar né Mýdeildar.

#### **Dagskrá:**

- 1) **Fundur var settur kl. 10.15** af forseta sambandsins Jónu Benediktsdóttir. Hún sagði vetrarstarfið hefjast á framkvæmdanefndarfundum. Hún kynnti dagskrána.
- 2) **Helga M. Steinsson kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.**
- 3) **Að því loknu las Helga G. Halldórsdóttir markmið samtakanna**, sem einnig eru á vef samtakanna.
- 4) **Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir stiklaði yfir helstu atriði fundargerðar** síðasta framkvæmdaráðsfundar sem haldinn var 10. nóvember 2016.

Jóna fór yfir praktísk atriði varðandi greiðslu kostnaðar við fundinn. Hún hvatti formenn til að skrá sig inn á alþjóðavefinn og hvetja félagskonur til hins sama.

- 5) **Orð til umhugsunar.**

Það var Eygló Björnsdóttir, fyrrverandi forseti, sem fór með þau. Hún sagðist hafa verið að skoða málefni sem varða starfslok, enda hún á þeim stað í lífinu. Hún sagðist hafa fundið ýmislegt m.a. um heilsu og andleg málefni. Eitt heilræðið var um að hugsa ég get og ég vil, „spread your wings and fly“. Hún keypti sér hjól og rifjaði upp gamla takta en ætlar ekki að rifja upp brákuð rifbein, vegna þess að við eigum að hugsa jákvætt. Hún átti að vísu erfitt með það fyrst eftir byltuna.

Jákvætt fólk er skemmtilegra og þeir sem eru jákvæðir verða sjaldan veikir og ef þeir verða það verður það mildara. Hvað getum við gert til að verða jákvæðari? Nokkur ráð sérfræðinga: Gott að hafa í huga að jákvæðar hugsanir eru val og geta orðið að venju alveg eins og neikvæðar. Skiptum út neikvæðum hugsunum fyrir jákvæðar. Búðu til skýra mynd af markmiðum í huga þér, leitaðu að því jákvæða í því sem gerist, hvort sem aðstæður eru góðar eða slæmar. Veldu þér félagsskap sem er jákvæður, því „hver dregur dóm af sínum sessunaut“. Að lokum sagði hún sögu af gamalli konu sem leit í spegil og sá 3 hár, ég held að ég flétti á mér hárið í dag sagði hún og var ánægð með sig. Næst þegar hún leit í spegil hafði hún aðeins 2 hár, upplagt að skipta í miðju, sagði hún og var ánægð. Næst var bara eitt hár eftir, hvernig er best að greiða það, hugsaði hún, batt í tagl og undi glöð við sitt. Loks var hún orðið alveg sköllótt og varð þá glöð því nú þurfti hún ekki að greiða sér oftár.

## **6) Kynning á nýrri stjórn landssambands DKG**

Jóna Benediktsdóttir, forseti, er frá Iotadeild á Vestfjörðum. Helga Magnea Steinsson, 1. varaforseti og formaður í Zetadeild, Helga G. Halldórsdóttir, 2. varaforseti, Gammadeild, Jónína Hauksdóttir, Betadeild er meðstjórnandi. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er ritari og formaður Alfadeildar. Eygló Björnsdóttir, fyrrverandi forseti, starfar með stjórninni. Jensína Valdimarsdóttir, er gjaldkeri landssambandsins og Auður Torfadóttir er lögsögumaður.

Þær kynntu sig og ástæður þess að þær eru í samtökunum.

## **7) Formenn deilda kynna sig og hafa að leiðarljósi að fram komi af hverju þær eru í DKG og því sem er framundan hjá deildunum.**

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild, Helga M. Steinsson, Zetadeild, Aníta Jónsdóttir, Betadeild, Guðlaug Margrét Sverrisdóttir, Deltadeild, Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir, Epsilondeild, Sigurlína Jónasdóttir, Þetadeild, Helga Björk Jóhannsdóttir, Iotadeild, Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, Stefanía Valdís Stefánsdóttir, Etadeild. Ingibjörg Guðmundsdóttir, Kappadeild, Gerður Magnúsdóttir, Lambdadeild.

Í máli stjórnarkvenna og formanna kom fram að samtökin eru þeim mikilvæg, það skiptir máli að vera virkur í starfinu til að fá sem mest út úr því. Skipulag vetrarstarfsins var komið mislangt á veg, sumar deildir halda 9 fundi á ári, meðan aðrar halda 6 fundi og allt þar á milli. Margir formenn hafa sinnt mörgum embættum bæði í stjórn eigin deilda og stjórn landsambandsins. Ýmis málefni bar á góma í kynningum og hafa sumar deildir þurft að skerpa á reglum samtakanna. Einnig voru mætingar nefndar, ýmist vegna þess að þær eru afburða góðar, en einnig vegna þess að þær eru lélegar. Margar deildir eiga afmæli á þessu ári. . Nokkur góð ráð fylgdu með í kynningum.

## **8) Kynning á skipun í innlendar nefndir**

Forseti kynnti nefndarskipan og sagði að konur megi bara vera tvö kjörtímabil í sömu nefnd. Hún sagði að óskað hefði verið eftir tilnefningum frá formönnum deilda og eins höfðu nokkrar konur beint samband. Það gekk glimrandi vel að skipa í nefndir.

### **Laganefnd:**

Sigrún Ásta Jónsdóttir, Þetadeild, formaður. Ragnhildur Þórarinsdóttir og Björk Einisdóttir, báðar úr Gammadeild.

## **Samskipta- og útgáfunefnd**

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir, Epsilon deild, formaður, Guðrún Þórunna Jónsdóttir og Elínborg Sigurðardóttir, báðar úr Epsilon deild.

## **Félaga- og útbreiðslunefnd**

Sigríður Guðnadóttir, Epsilon deild, formaður, Elín Elísabet Magnúsdóttir, Betadeild og Svana Friðriksdóttir, Gammadeild.

## **Námsstyrkjanefnd**

María Steingrimsdóttir, formaður, Betadeild, Steinunn Guðmundsdóttir, Iotadeild og Elín Rut Ólafsdóttir, Þetadeild.

## **Menntamálanefnd**

Jenny Gunnbjörnsdóttir, formaður, Mýdeild, Guðrún Ásgeirsdóttir Zetadeild, Guðrún Þórunna Jónsdóttir, Epsilondeild og Sigríður Rut Magnúsdóttir, Zetadeild.

Lögsögumaður Auður Torfadóttir, vefstjóri Eygló Björnsdóttir,

**Undirbúningsnefnd** fyrir okkar stóra verkefni, að undirbúa Evrópuráðstefnuna sem verður haldin hér á landi 2019. Sigrún Kristín Magnúsdóttir í Kappadeild, formaður, Guðný Helgadóttir, Gammadeild, Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild, Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild. Vinna að því að koma af stað nefndum um ýmis málefni ásamt forseta Jónu Benediktsdóttur. Jensína Valdimarsdóttir verður gjaldkeri ráðstefnunnar, en haldið verður sérstakt bókhald vegna hennar.

### **9) Almenn kynning á starfi samtakanna**

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir talaði um samtökin út frá alþjóðasjónarhorni. Hún uppfærir fyrirlesturinn reglulega. Hún fór yfir markmið samtakanna og Mission statement, sem illa hefur gengið að þýða á íslensku: Leading Women Educators Impacting Education Worldwide. Hún sýndi skjaldarmerkið og ýmis tákni, lampi sem lýsir gegnum fáfræði, gullskálin til að setja þekkinguna í o.fl.

Samtökin gefa út ýmis rit; Bulletin, sem átti fyrst að vera til að birta rannsóknargreinar, var skipt í tvennt fyrir 2 árum; almennar greinar sem koma út tvisvar á ári og rannsóknarútgáfa sem birt er á vefnum. Fréttabréf, sem greina frá því hvað er að gerast eru gefin út 6 sinnum á ári. Landssambönd senda efni inn í Euforia, sem er vef tímarit Evrópusvæðisins.

Hún fór yfir þátttöku í DKG og hefur verið fækkun víðast hvar. Spurning um að leggja niður landssambönd ef félögum fækkar of mikið. Ísland er stærsta landssamband utan Bandaríkjanna með 329 konum. Næst á eftir er Svíþjóð með 268 konur og Alberta í Kanada með 139. Finnland er með 107 konur (upplýsingar úr tölvupósti 31.8.2017). Samtökin draga dóm af því að þau eru amerísk að uppruna, en hlustað er vel á Evrópu. Konum er boðið að gerast félagar í DKG.

Flokkar.:

Virkar konur: Þær sem eru í starfi eða hættar störfum.

Aukafélagar: Konur sem geta ekki tekið fullan þátt í starfinu t.d. vegna veikinda eða búsetu. Geta orðið virkar án nokkurra vandkvæða, þurfa t.d. ekki að fara gegnum inntökuferli.

Heiðursfélagar: Aðilar sem standa utan samtakanna og eru ekki kjörgengir, sem virkir þátttakendur.

Sigrún fór yfir styrki, sem félögum bjóðast og sagði frá nefndum á alþjóðavísu. Leiðtogaþjálfun fer t.d. fram vegna arfs sem samtökunum bauðst eftir félagskonu í Bandaríkjunum. Alþjóðaforseti tilnefnir í flestar nefndir sem starfa á vegum samtakanna. Allur kostnaður er greiddur fyrir nefndarkonur, og oftast er einn fundur á ári. Samskiptanefnd sér um að efla samskipti milli kvenna í samtökunum og endurskoða ritnefndarstefnu. Ritnefnd er undirnefnd hennar. Laganefndin tekur á móti tillögum til breytinga á lögum samtakanna og reglugerðum. Fjárhagsnefnd er kosin á þinginu til 4 ára. Félaganefnd sér um minningarathöfn um látna félaga og gerir tillögur um heiðursfélaga.

Félagskonum er boðið upp á ferðir í fjáröflunarskyni til að styrkja samtökin. Næsta ferð er þegar komin á vefinn. Sigrún Klara fór í skemmtilega ferð um Portúgal fyrr á þessu ári.

Samtökin veita bókaverðlaun, en bókin þarf að vera á ensku og um fræðslumál. Við höfum oft átt nefndarkonu í þessari nefnd.

Vefsíður sem skipta máli eru [www.dkg.org](http://www.dkg.org), [www.dkgeurope.org](http://www.dkgeurope.org), [www.dkg.is](http://www.dkg.is).

Sigrún fór yfir kosningar til ýmissa embætta. Landsforseti fer með hlutfall þeirra félaga sem standa á bak við hana í viðkomandi landssambandi. Komið hafa upp hugmyndir um einn félag, eitt atkvæði í rafrænni kosningu og þar sem konur eru ekki allar með tölvur hefði það þýtt mikinn kostnað vegna útsendinga á atkvæðaseðlum. Það er talsverður stuðningur við hugmyndina, en allt of kostnaðarsamt. Hugmyndir hafa líka verið uppi um að það séu bara þeir sem sækja þingin, sem kjósi.

## **12.15-13.00 Léttur hádegisverður í boði landssambandsins.**

### **10) Kynning á vinnu félagkvenna í erlendum nefndum.**

**Nominations Committee: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild.** Hún hvatti konur til að fara í alþjóðanefndir og á þingin. Bestu reynslusögur og trix hef ég fengið í þessum samskiptum. Hún skrifaði í vor um starfið, en tilnefnt er í um 20 nefndir, embætti forseta og ýmsar stöður svæðisbundið. 10 manns eru í nefndinni, tvær frá hverju svæði. Mikil leyndarhjúpur er yfir starfinu, þangað til niðurstöður eru birtar. Hún sagði allt um nefndina í Constitutional and International standing rules, sem eru á vefnum.

**World Fellowship Committee: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfadeild.** Þetta er nefnd sem veitir styrki. Sjóðurinn var stofnaður 1946. Í nefndinni eru 5 konur, tilnefndar af alþjóðaforseta. Ein frá hverju svæði auk ritara sem er starfsmaður nefndarinn og forsetinn tekur þátt í starfinu. Nefndin velur styrkþega utan USA og Kanada, sem ætla í MA eða PHD nám í Bandaríkjunum eða Kanada. Hún sagðist oft verða djúpt snortin yfir lýsingum þeirra kvenna sem sækja um styrk. Mikil vinna er að fara yfir umsóknirnar, sem geta verið um 40-50 bls. Á fundi í Austin er ákveðið hverjar hljóti styrkina, í ár eru 22 styrkir, samtals 100.000 dollara. Eygló átti sæti í þessari nefnd á undan henni.

**Editorial Board: Kolbrún Pálsdóttir, Lambdageild.** Hún tók við þessu starfi haustið 2016. Sex konur eru í nefndinni, en hún tók við af Sigrúnu Klöru. Nefndin heldur utan um Bulletin og Collegial Exchange. Bulletin er með fræðilegt efni, sem eingöngu er gefið út á netinu. Collegial Exchange fjallar um starfið, áhugaverð verkefni, hvatningu til félagskvenna o.fl. Ýmislegt efni sent, m.a. ljóð og fleira og oft erfitt að velja. Til að lesa Bulletin þarf að logga sig inn á vefinn. Það er þema í Bulletin, en ekki í tímaritinu. Núna er general issues for educators en næsta fjallar um árangur eða skilvirkni (accountability). Alltaf tekið á móti styttra efni og skil fyrir 1. desember á því. Nefndin hittist annað hvert ár. Mjög lærdómsríkt, en tímafrekt því það þarf að lesa yfir margar greinar.

**Golden Gift Fund Committee: Ingibjörg Jónasdóttir, Gammageild.** Hún sagði að þetta sé sjóður til að undirbúa leiðtoga og stjórnunarnám í Austin, sem haldið er annað hvert ár. Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 1. desember og þarf að senda meðmælabréf með, það þarf því að vera tímanlega á ferðinni. Kostnaður þátttakenda er 600 dollarar, sem er brot af þessum heildarkostnaði upp á 8-10.000 dollara, sem allt er greitt af sjóðnum. Styrkirnir eru greiddir af arði af sjóðnum. Enn þá hefur verið hægt að halda þetta annað hvert ár, en það er alltaf spurning á hverju ári hvort það sé hægt. Nefndin fer yfir umsóknareyðublöð og uppfærir þau, en námskeiðið er alfarið á ábyrgð University of Texas í Austin. Námskeiðið er mjög gott, var „life changing moment“ fyrir mig. Hún vonar að konur taki við sér og sækji um þennan styrk. Það hafa alltaf verið konur frá Evrópu á þessu námskeiði og hafa því hlutfallslega fengið fleiri pláss.

**Communication and Publicity Committee: Kristín Helga Guðmundsdóttir, Eta deild.** Hún sagði frá starfinu í nefndinni, en hún byrjaði 2016, hafði sótt um í aðrar nefndir. Hún bendir á skýrslu á vefnum, sem hún skrifaði um starfið. Áður var hlutverk nefndarinnar að fara yfir alla vefi, bæði landssambanda og deilda, en það er ekki gert lengur, heldur séð til að vefstjórar geri það sjálfir. Lögð er áhersla á að vefstjórar uppfæri vefsíður eftir ákveðnum reglum og eru þær þá tengdar alþjóðavefnum og fá merki með viðurkenningu. Gefið er út ritið Get connected, sem allir geta haft aðgang að. Rætt er um hvernig hægt sé að nota social media og skrifað var um það á alþjóðavefnum.

### **10) Umræður um hvernig starfið í deildunum endurspeglar markmið samtakanna og hvað hægt er að gera til að leggja frekari áherslu á það. Samantekt úr umræðum**

Skipt var í 4 hópa, sem ræddu saman í 20 mínútur. Síðan gerði hver hópur grein fyrir umræðum sínum í stuttri samantekt.

Hópur 1. Mikilvægt að dagskráin sé fjölbreytt og í tengslum við markmiðin og sé ljós á haustin. Gæta þess að félagskonur komi úr mismunandi umhverfi og séu ótengdar. Hvetja til virkrar þátttöku og þekkingar á alþjóðastarfi. Fara á staði og kynna sér ólíka starfsemi og kynna okkar ágæta félag í leiðinni. Virkja konur á fundum til að segja frá því sem þær eru að gera og spyrja þær að því hvað þær vilji gera. Syngja í lok funda, það hefur virkað vel. Allir fara glaðir út. Mikilvægt að senda dagskrá út með tímasetningum og staðsetningu. Fá oft konur úr öðrum deildum til að tala.

Hópur 2. Það skiptir máli að bakgrunnur félagskvenna sé fjölbreyttur. Við erum að heiðra konur, með því að biðja þær að tala. Gefa rósir þegar konur fá nýjar stöður. Virkja þær í að segja frá því hvað er að gerast. Til að efla starfsáhuga, þá förum við inn á vinnustaði hver hjá annarri til að sjá hvað félagskonur eru að gera. Kynna styrkina vel. Gaman að fara saman í ferð og vera yfir nótt,

skilar meiri persónulegri þekkingu – vera meira saman. Hafa t.d. fengið sér íbúð saman þegar farið er á þing.

Hópur 3. Rætt um að hafa áhugavert fundarefni, þannig að það sé bæði gaman og fróðlegt. Tengja efnið inn í markmiðin, og vekja athygli á þeim þannig. Hægt er að tengja flest inn í markmiðin. Okkur fannst að það megi bæta umhverfismálum og tæknimálum inn í markmiðin. Hugsanlegt að taka eitt markmið fyrir á fundi, ræða það og fá sýn félagskvenna á hvernig hægt sé að tengja þetta inn í starfið. Hægt að heiðra konur með því að veita þeim athygli, t.d. birta greinar um þær í fréttabréfi.

Hópur 4. Þær festust í markmiði 1, það er vítt og er bæði inn á við og út á við. Hægt að uppfylla með því að taka þátt í nefndum, fara á þing. Töluðu um að heiðra konur, sem hafa starfað lengi eða eru að ljúka ákveðnum áfanga. Væri gott að hafa skjal á heimasíðu sem hægt er að afhenda við slíkar aðstæður. Skiptir máli að hafa áhrif á þróun menntamála, og senda skoðanir á framkvæmdaráð. Konur þurfa að fá aðstoð til að fylla út umsóknareyðublöð, þarf að finna flöt á því. Fela konum hlutverk sem fyrst, (ekki allar sammála því) í stórum hópi þarf hugsanlega að fylgja nýliðum vel eftir með því að þær sitji hjá reyndum konum. Mikilvægt að heiðra konur, hugsanlega eitthvað sambærilegt við viðurkenning ungs fólks í Háskólanum. Af hverju gerum við þetta ekki, virkni út á við, kynnum samtökin. Það væri skemmtilegra að landssambandið gerði þetta. Viðtöl við konur í fréttabréfi og lyfta undir þær.

Í umræðum koma fram að mikilvægt væri að vera þátttakandi í umræðum um menntamál, en gæta sín samt á pólitíkinni. Það er fín lína, sem þarf að feta. Hugsanlega þarf að búa til ferli varðandi umfjöllun um málefni sem gætu verið skiptar skoðanir á, en það er ljóst að samtökin eru ekki pólitísk.

## **11) Framkvæmdaáætlun lögð fram. Umræður og samþykkt.**

Framkvæmdaáætlunin var send í tölvupósti og sett á facebook síðu framkvæmdaráðsins. Forseti fór yfir helstu atriði í áætluninni. Mikilvægt að virkar konur á fundum deilda séu 20-30. Skiptir máli að gefa öllum konum tækifæri til að hafa áhrif á það hvaða konum er boðin þátttaka áður en þeim er boðið. Þessu er lýst nákvæmlega í reglugerðinni. Næsta atriði til að ítreka er að hugsa um formlegheitin, koma fundargerðum á vefinn sem fyrst eftir að þær eru samþykktar. Okkur langar til að setja hnapp á vef landssambandsins með lista yfir umfjöllunarefni og konur sem geta flutt erindi, innan samtakanna. Nýtum ekki nægilega vel þann mannauð sem er í samtökunum. Þetta krefst þess að formenn þurfa að búa til lista með upplýsingum og yfirfara hann reglulega. Setja fundaáætlanir á vefinn, stjórn landssambands ætlar að reyna að mæta fundi og þá skiptir máli að sjá fram í tímann. Varðandi erlendu samskiptin, þá þarf að kynna þau reglulega. Lögð áhersla á að sem flestar félagskonur á Íslandi mæti á ráðstefnuna 2019 og á þingin okkar. Í menntamálum er lögð áhersla á leiðtogaþjálfun, sem verður kynnt á vefnum og mun landssambandið greiða ferðakostnað fyrir leiðbeinanda. Í samræmi við markmið samtakanna skiptir máli að skoða þær breytingar sem verða á lögum og reglum og senda til félagskvenna. Fram kom að það tekur tíma að stofna nýja deild, og það verður að huga að því á næstu tveim árum. Beina þessu til félaganefndar.

Þessi áætlun er lögð fram til samþykktar. Samþykkt.

## 12) Fjárhagsáætlun lögð fram til umræðu og samþykktar –

Drög voru send út daginn fyrir fundinn og sett á framkvæmdaráðshóp á facebook. Jensína benti konum á að senda upplýsingar um ferðakostnað til sín á [gvjv@simnet.is](mailto:gvjv@simnet.is). Innheimta á félagsgjöld fyrir 31.október n.k. Skila á fyrir 10. nóvember til landssambands kr. 10.000 á hverja. Félagsskírteini eru afhent eftir greiðslu, á þeim kemur félagsnúmer fram. Gjaldkerar fá send eyðublöð með nöfnum allra í deildinni. Þetta þarf að senda gjaldkera landssambands með greiðslu félagsgjalda. Deildin heldur eftir bleika blaðinu, en gula og frumrit er sent landssambandi. Það þarf að passa vel, ef skipt er um gjaldkera, að þetta fari á rétta staði. Formenn deilda bera ábyrgð á því að félagsgjöld séu innheimt, þurfa að styðja við gjaldkerana. Sumir hafa sett þetta í heimabanka. Breytingar eru tilkynntar til gjaldkera landssambandsins. Gott að hafa rétt nöfn á heimasíðu deildanna um hver er gjaldkeri deildarinnar.

Jensína kynnti rekstraráætlunina. Eins og Jóna nefndi á að gera átak í fræðslu og gert er ráð fyrir 300.000 kr. í ferðakostnað. Hún fór yfir helstu atriði í áætluninni. Mikil umræða varð um hvaða greiðslu aukameðlimur eigi að borga, er heimilt að borga hálf gjald til landssambands? **Stjórn landssambandsins mun fjalla um málið og senda forsetabréf með niðurstöðu.**

## 13) Vorþing kynnt lauslega.

Í fjarveru Helgu M. Steinsson sagði Ingibjörg Elsa frá. Vorráðstefna DKG verður haldin 5.maí 2018 í Grunnskólanum á Egilsstöðum. Gisting hefur verið tekin frá á Gistihúsinu á Egilsstöðum við Fljótið. Fáum 20% afslátt af gistingu og mat, en ganga þarf frá pöntun fyrir 5. febrúar. Hægt verður að fljúga fram og tilbaka sama dag. Ráðstefnan er frá 11-16. Upplýsingar verða settar inn á vefinn. Fyrirspurnir má senda í tölvupósti á [helga@ismennt.is](mailto:helga@ismennt.is).

## 14) Evrópuráðstefnan á Íslandi 2019 kynnt.

Forseti sagði frá því að undirbúningsnefnd, sem hefur verið að leita eftir tilboðum frá hótélum og finna ráðstefnunni staðsetningu, sé enn að störfum. Það eru miklar kröfur á aðbúnað á hóteli. Líkast til verður ráðstefnan í Reykjavík. Ferðamálin á Íslandi hafa kólnað aðeins frá því í mars. Ekki er komin endanleg staðsetning, en dagsetningin verður 24.-27. júlí 2019. Væri gaman að fjölmenna hressilega. Alþjóðastjórnin og Evrópustjórnin hafa mikið um ráðstefnuna að segja, en við getum haft heilmikil áhrif. Við fáum 3.000 dollara í startíð og þeim eigum við að skila aftur. Ef það verður tap, þá hjálpa þær til með það, en ef það verður hagnaður, þá þarf að skila afganginum. Fram kom að það er halli á flestum svæðaráðstefnum og það hefur verið klemma í sambandi við þessar ráðstefnur og ætti kannski að halda þær á 4 ára fresti. Forseti hvatti til þátttöku í verkefnum í tengslum við ráðstefnuna og að formenn bendi á konur í nefndir vegna þingsins, sem á eftir að skipa. Alþjóðafingrið er í júlí á næsta ári.

## 15) Önnur mál og hugvekja.

- a. Eygló benti á að það eru leiðbeiningar fyrir vefstjóra inni á vefnum. Eitt og annað hefur breyst vegna innsetningar efnis og verður það kynnt fljótlega.. Hægt að hafa samband við hana og ekki hika við það.
- b. Forseti minnti á blað, minnispunkta fyrir formenn, frá Ingibjörgu Einarsdóttur. Blaðið er á vefnum undir deildarstarfið og fyrir formenn. Þegar ég hugsa um DKG, fyrir mér snýst þetta um félagsauðinn, kynnast konum sem eru nálægt

manni og tengingu við konur um allt land sem eru í menntamálum. Félagið snýst um að hafa áhrif, og það fjallar um að taka þátt og láta rödd sína heyrast. Við erum allar hérna til að hafa áhrif og höfum allar áhrif á einhvern.

- c. Sungið var eitt lag og fundi slitið með því að slökkva á kertunum.

Fundarlok voru kl. 15.35. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir skrifaði fundargerð. Í lok fundar var boðið upp á veitingar og almennt spjall.